

veflausn fyrir tímaskráningu

Í hvað fer tími starfsmanna og verktaka?

Gerandi er aðgengilegt tímaskráningarkerfi til þess að halda utan um í hvað tími starfsmanna og verktaka fer. Kerfið hentar sérstaklega þeim fyrirtækjum sem selja út tíma starfsmanna og sinna hvers kyns verktöku. Einnig hentar það afar vel þeim sem fylgjast vilja með kostnaðarskiptingu milli verkefna, deilda og tímabila, þótt ekki sé um útselda vinnu að ræða.


Aðgengilegt fyrir alla á vefnum

Gerandi er veflausn og er því aðgengilegur bæði innan fyrirtækja sem utan, henti það. Allir starfsmenn sem hafa vefskoðara geta komist í Geranda, hvar sem þeir eru staddir. Starfsmenn geta þannig skráð tíma sína þótt þeir séu staddir fjarri vinnustaðnum.

Yfirsýn fyrir stjórnendur

Með Geranda geta stjórnendur fengið yfirsýn yfir starfsemina, bæði með því að skoða vinnutíma einstakra starfsmanna sem og verka og verkhluta. Boðið er upp á að afrita gögn yfir í önnur kerfi svo sem töflureikna og bókhaldskerfi, til nánari úrvinnslu. Boðið er upp á að skrá áætlanir og að bera þær saman við rauntíma.

Kerfið hentar þeim fyrirtækjum sem vilja geta fylgst með hvernig tíma starfsmanna og verktaka er varið.



Sveigjanlegt

Gerandi er tímabókhald sem er aðlagð mismunandi starfsemi með því einu að halda við töflum þar sem haldið er utan um helstu þætti starfseminnar, svo sem hvaða verk, verkhlutar og verkþættir eru í boði. Einnig er hægt að stjórna því hvaða tegund vinnu er haldið utan um svo sem dagvinnu, yfirvinnu, útköll eða jafnvel akstur. Haldið er utan um orlof, veikindi og slíkt á sama hátt.

Innleiðing á Geranda er fljótleg og tenging við Starfanda gerir kerfið enn fullkomnara.

Möguleikar á sjálfvirkum tengingum við viðskiptakerfi og önnur verkboðhaldskerfi eru til staðar.

